

1873.

5. júlí.

þeim, sem hingað til hefir haft náminn, þann hluta, sem lands-sjóðurinn á, á leigu annaðhvort í 25 ár fyrir 200 rd. afgjald á ári, eða í 10 ár fyrir 500 rd. árlegt afgjald, og þannig að leiguliðinn gefi tilhlýðilegt veð til tryggingar því, að afgjaldið verði galdið allan leigutímann. Ef hvorugum þessum kosti verður tekið, verðum vér því næst að mælast til, að þér komist eptir, hvort þórarinn prófastur Erlendsson sè fús til að kaupa af stjórninni fjórða part þann, sem er þjóðeign, og ef hann hafnar þessu boði, eða vill eigi bjóða að minnsta kosti 4000 rd. fyrir partinn, með hæfilegri viðbót fyrir jörðina, sem námurinn heyrir til, ef þess verður æskt, að hún einnig verði seld, hvort hann þá vili samþykkja, að gjörð sè tilraun til að selja náminn allan á opinberu uppboði, sem sè haldið í kaupmannahöllinni í Kaupmannahöfn, eptir að búid er að birta það í Lundúnum, París, Berlín og Hamborg, þannig, að stjórnarráðið fái heimild til að samþykkja hæsta boð, ef það að minnsta kosti nemi 16,000 rd., ef svo ber undir, með hæfilegum viðauka fyrir hina jarðareignina. Að endingu skal þess getið, að ef svo fer, að þórarinn prestur Erlendsson gengur að öðru hvorju af þeim boðum, sem síðast voru nefnd, — en þá kemur til, að landssjóðurinn seli sinn part af náminum —, hefir stjórnarráðið í hyggju, að leggja málið, að því leyti er söluna snertir, fyrir næsta alþingi til álita, áður en fullnaðar ályktun verður gjörð.

Með skýrslu yðar um, hvernig samningarnir hafi farið, búumst vér við að þér sendið aptur hingað álitsskjal *Johnstrups* háskólakennara.

## 59. Bréf domsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aðgjörð á Vestmannaeyjakirkju.

5. júlí.

Eins og yður mun kunnugt, herra landshöfðingi, átti timburmeistari *Klentz* ekki hægt með í fyrra sumar að byrja á að-

1873.

5. júlí.

gjörðinni á Vestmannaeyja kirkju, og með því nú heldur ekki kemur að því, að hann taki að sèr fangelsisgjörðina á tæðum eyjum, eins og þèr munuð sjá af öðru brèfi dómsmálastjórnarinnar, dagsettu 3. þ. m., — en það er í ráði, að fela húsa-smið Sveini Sveinssyni það verk á hendur —, hefir stjórnarráðinu fundizt það réttast, að hætta við þá fyrirætlun, að láta *Klentz* takast á hendur aðgjörðina á kirkjunni, heldur leitast einnig við að fela Sveini Sveinssyni aðgjörðina, ef þèr álitíð hann hæfan til þess.

Ef svo fer, mælumst vèr til, að þèr, herra landshöfðingi, gjöríð samning við hann um, að hann taki að sèr tæð verk allt fyrir ákveðið kaup eptir samningi á næsta ári, samkvæmt eptiriti því af áætlun og lýsingu *Klentz's* sem fylgði með brèfi stjórnarráðsins til stiptamtmannsins yfir Íslandi, 25. maí f. á., og má kaupíð ekki fara fram úr 1,100 rd. Til leiðbeiningar við aðgjörðina sendum vèr með þessu brèfi fyrirmynd, sem þakið verði sniðið eptir, og ágrip af brèfi til dómsmálastjórnarinnar frá *Klentz*, dagsettu 24. ágúst 1871. Jafnframt og vèr bætum því við, að fè það, sem með þarf, auk þeirra 300 rd., sem kirkjan hefir til, mun verða tekið í fjárhagsáætlunina fyrir næsta reikningsár, mælumst vèr til, að fá skýrslu um ráðstafanir yðar í þessu tilliti.

8. júlí.

# 60. Brèf dómsmálastjórnarinnar til etazráðs og aðal-verzlunarfulltrúa, Hans A. Clausens, um heimtöngu brennivínsgjalds.

Eptir að stjórnarráðið í brèfi 15. marz þ. á. hafði svarað bænarskrá nokkurri, þar sem þèr, herra etazráð, og nokkrir aðrir íslenzkir kaupmenn sóktu um, að ýmsir annmarkar, sem þóktu vera á tilskipun handa Íslandi um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, yrði leiðrættir, hafði þèr á ný sent stjórnarráðinu bænarskrá, dagsetta 30. aprílm. þ. á. og mælt til,